

kvæmdastofnun ríkisins f. h. Framkvæmdasjóðs Íslands, \$ 2.322.34 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan van-skilamánuð frá 10. nóvember 1969 til greiðsludags, kr. 180 í afsagnarkostnað og kr. 30.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. febrúar 1975.

Nr. 14/1975. Félag íslenska prentiðnaðarins
 gegn
 Alþýðusambandi Íslands f. h.
 Hins íslenska prentarafélags.

Dómenndur:
 hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Svein-
 björnsson og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Félagsdómsmál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 23. desember 1974, sem barst Hæstarétti 5. febrúar 1975, hefur sóknaraðili samkvæmt 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar frávísunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 20. desember 1974, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir Félagsdóm að kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst 8.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Félag íslenska prentiðnaðarins, greiði varnaraðilja, Alþýðusambandi Íslands f. h. Hins íslenska prentarafélags, 8.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur Félagsdóms 20. desember 1974.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. hinn 28. október 1974, af Félagi íslenska prentiðnaðarins gegn Alþýðusambandi Íslands fyrir hönd Hins íslenska prentarafélags, „til þess að fá það dæmt til þess að þola, að meðlimir þess fái ekki greitt orlof, hvorki úttekna orlofsdaga né greitt orlofsfé fyrir tímenn frá 27. mars til 9. maí 1974, eða 43 daga, sem verkfall prentara stóð.“ Er þess og krafist, að varnaraðilja verði gert að greiða sóknaraðilja málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu varnaraðilja eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og til samningsbundins gerðardóms aðiljanna, en til vara, að varnaraðili verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, hver sem úrslit málsins verða.

Frávísunarkrafa varnaraðilja er tekin til meðferðar sérstaklega samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, og fór fram munnlegur málflutningur um hana 13. þ. m. Af hálfu varnaraðilja var þess þá krafist, að málinu yrði vísað frá Félagsdómi og sóknaraðilja gert að greiða varnaraðilja málskostnað að mati dómsins. Af hálfu sóknaraðilja var þess krafist, að frávísunarkröfu varnaraðilja yrði hrundið og varnaraðilja gert að greiða sóknaraðilja málskostnað að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Frá 27. mars til 9. maí á síðastliðnu vori stóð yfir verkfall Hins íslenska prentarafélags. Leystist verkfallið, er nýr kjarasamningur var gerður milli félagsins og sóknaraðilja hinn 9. maí sl. Var um það samið, að kjarasamningur þessara aðilja frá 15. desember 1971 skyldi framlengdur með nánar tilgreindum breytingum. Ein af breytingum þeim, sem gerðar voru, var á ákvæðum fyrri samnings um orlof. Eru ákvæði hins nýja samnings um þetta efni svohljóðandi:

„Grein 6.1. *Sumarleyfi*. Starfsfólk skal fá 25 virka daga í sum-

arleyfi með fullu kaupi og orlofsfé $8\frac{1}{3}\%$ af yfirvinnukaupi, enda hafi það unnið í sömu prentsmiðju í eitt ár samfleytt.

Starfsfólk, sem unnið hefur 12 ár í iðninni, á rétt á 28 virkra daga sumarleyfi og $9\frac{1}{3}\%$ orlofsfé af yfirvinnukaupi.

Á tímabilinu 1. júní til 30. september skal veita í einu lagi a. m. k. 21 orlofsdag í samráði við prentsmiðjustjóra og á þann hátt, að sem minnst truflun verði á rekstri prentsmiðjunnar. Verði ekki fullt samkomulag um skiptinguna, skal hlutkesti ráða, hverjir fari á hverjum tíma. Starfsfólk, sem unnið hefur skemur en eitt ár í prentsmiðjunni, skal fá sumarleyfi með fullu kaupi að tiltölu við þann tíma, sem það hefur unnið.

Orlofsárið reiknast frá 1. maí til 30. apríl. Laun fyrir orlofsdaga skulu greidd næsta virkan dag, áður en orlof hefst. Þá skal einnig greitt orlofsfé af aukavinnu síðasta orlofsárs. Hækkun orlofsfjár úr $8\frac{1}{3}\%$ í $9\frac{1}{3}\%$ af yfirvinnukaupi þeirra, sem unnið hafa 12 ár í iðninni, gildir frá 1. maí 1974.“

Í fyrri samningi hafði lengd sumarleyfis verið 24 og 27 dagar. Var ákvæði um orlofsárið eins í báðum samningunum. Hinn 14. maí sl. sendi stjórn sóknaraðilja umburðarbréf til félaga sinna, þar sem gerð var grein fyrir því, hvernig reikna skyldi sumarleyfi árin 1974 og 1975. Kom þar fram, að verkfall Hins íslenska prentarafélags hefði staðið í 43 daga, og samkvæmt því yrði stytting orlofs hjá yngri starfsmönnum þrjú orlofsdagar, en hjá starfsmönnum með meira en tólf ára starfsreynslu yrði styttingin þrjú og hálfur dagur. Einnig kom fram, að þar sem verkfallið hefði fallið á tvö orlofstímabil, yrði að skipta orlofsstyttingunni milli tveggja ára og kæmi því einn dagur af henni „á orlofsárið 1974-1975, þ. e. vegna sumarleyfis næsta ár.“ Var og tekið fram, að samkvæmt því væri orlof starfsmanna, sem starfað hefðu í iðninni tólf ár eða skemur, 22 virkir dagar í orlof 1974, en þeirra, sem starfað hefðu lengur, 24,5 orlofsdagar.

Á fundi stjórnar og trúnaðarmannaráðs Hins íslenska prentarafélags hinn 27. júní sl. var samþykkt að skora á félagsmenn að taka fullt sumarleyfi samkvæmt samningi aðiljanna frá 9. maí sl., þ. e. 25 daga og 28 daga eftir starfsaldri, og væri litið á það sem brot á samningi aðiljanna, ef þetta orlof yrði skert. Það kemur fram, að á fundi stjórnar sóknaraðilja hinn 5. júlí sl. hafi verið fjallað um tvö atriði, sem fram höfðu komið í samtölum fyrirsvarsmanna aðilja, annars vegar að starfsmenn fengju uppbot á orlofsárið, sem lauk 30. apríl sl., er næmi einum orlofsdegi, og hins vegar að viðurkennt yrði orlof í verkfallstíma sem um orlofs-

skyldan vinnutíma væri að ræða, og fyrst um sinn skyldi sex vikna verkfallstími vera innan þeirra tímamarka. Í bréfi, sem stjórn sóknaraðilja ritaði Hinu íslenska prentarafélagi hinn 6. júlí sl., var þessum tilmælum hafnað og skýrt frá því, að stjórnin hefði samþykkt að vísa málinu til Félagsdóms. Með bréfi, sem sóknaraðili ritaði Hinu íslenska prentarafélagi hinn 27. júlí sl., var m. a. óskað eftir umsögn um það, hvort félagið teldi ágreiningsefnið réttilega lagt fyrir Félagsdóm eða hvort ágreiningurinn félli undir verksvið gerðardóms samkvæmt 10.1. gr. kjarasamnings aðiljanna. Í svarbréfi Hins íslenska prentarafélags, dags. hinn 26. ágúst sl., kom fram sú afstaða, að ágreiningsefnið bæri undir úrskurð gerðardóms samkvæmt hinu tilgreinda samningsákvæði, en þar sem Grafíska sveinafélagið hefði ákveðið að leggja í gerð sams konar ágreining milli þess og sóknaraðilja, þá væri óþarft að reka tvö gerðardómsmál um sams konar ágreining og því styddi félagið málstað Grafíska sveinafélagsins fyrir gerðardóminum.

Frávísunarkrafa varnaraðilja er byggð á því, að samkvæmt ákvæði gr. 10.1. í kjarasamningi aðiljanna skuli leggja sérhverv ágreining út af honum eða einhverjum atriðum í honum í gerð fimm manna, en ákvæði þetta hafi um langan tíma verið í kjarasamningum aðiljanna. Ákvæði þetta sé fortakslaust og þótt ekki hafi verið í gildi kjarasamningur, meðan á verkfallinu stóð, þá hafi ekki átt að taka neitt orlof á verkfallstímanum. Hinn nýi samningur taki því til þessa tilviks, enda hafi verið unnið eftir honum, frá því verkfallinu lauk og sé enn. Þá er því og haldið fram, að ákvæði orlofslaga standi ekki í vegi fyrir því, að ágreiningsefnið verði lagt undir samningsbundinn gerðardóm, enda beri gerðardómi að fara eftir landslögum í úrskurði sínum.

Krafa sóknaraðilja um það, að frávísunarkröfunni verði hrundið, er einkum byggð á því, að ágreiningsefnið falli að verulegu leyti utan kjarasamnings aðiljanna og falli því ekki undir gerðardómsákvæðið. Er því haldið fram, að ágreiningurinn sé raunverulega um framkvæmd orlofslaga, þar sem hann snúist um það, hvernig reikna eigi orlofsdaga, þ. e. hvort menn eigi að fá orlof fyrir verkfallsdaga. Slíkur ágreiningur falli undir dómstóla, en ekki gerðardóm. Ágreiningsefnið sé kjaraágreiningur svo nátengt kjarasamningi aðiljanna, að heimilt sé að leggja það fyrir Félagsdóm, enda taki ákvæði 16. gr. orlofslaga ekki til máls eins og þessa.

Gerðardómsákvæði gr. 10.1. kjarasamnings aðiljanna frá 15. desember 1971 er svohljóðandi:

„Gerðardómur. Rísi ágreiningur út af samningi þessum eða út af einhverjum atriðum í honum, skal leggja sérhvern slíkan ágreining í gerð fimm manna, og er gerðardómur skipaður þannig: Hið íslenska prentarafélag velur tvo menn og Félag íslenska prentiðnaðarins aðra tvo, síðan kjósa þessir fjórir gerðarmenn hinn fimmta, oddamanninn, en komi þeir sér ekki saman um oddamanninn, tilnefnir borgardómari hann. Dómur sá, er gerðarmenn kveða upp, sker úr ágreiningnum til fullnustu.“

Hliðstætt ákvæði hefur verið í kjarasamningum aðilja málsins um langan tíma, og það var óbreytt upp tekið í kjarasamninginn frá 9. maí 1974.

Deiluefni aðiljanna í máli þessu fjallar um það, hvernig skuli ákveða orlofsdaga og orlofsfé á gildistíma samningsins. Slíkur ágreiningur skal lagður í gerð fimm manna samkvæmt gr. 10.1. í kjarasamningi aðiljanna. Að svo vöxnu máli ber að vísa máli þessu frá Félagsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.
